

Starfsreglur um íslensku þjóðkirkjuna erlendis nr. 27/2021-2022

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Starfsreglur þessar gilda um störf, verkefni og þjónustu íslensku þjóðkirkjunnar erlendis og hafa það að markmiði að lýsa og afmarka meginhlutverk hennar.

2. gr.

Íslenska þjóðkirkjan erlendis.

Íslenska þjóðkirkjan erlendis er sérstakt viðfangsefni þjóðkirkjunnar og heyrir undir biskup Íslands. Íslenska þjóðkirkjan erlendis sinnir boðun trúar, fræðslu og kærleiksþjónustu meðal Íslendinga á erlendri grund, með helgihaldi, sálgæslu, uppfræðslu í trú og sið. Jafnframt er henni ætlað að vera vettvangur fyrir og styðja við menningarlega starfsemi á kristilegum grundvelli.

3. gr.

Störf og starfsskyldur presta og djákna.

Um störf og starfsskyldur presta og djákna sem starfa innan vébanda íslensku þjóðkirkjunnar erlendis gilda, auk ákvæða starfsreglna þessara, starfsreglur um djákna nr. 31/2022-2023, starfsreglur um presta nr. 6/2023-2024, Samþykktir um innri málefni þjóðkirkjunnar, svo og aðrar starfsreglur kirkjupings og önnur ákvæði íslenskra réttarheimilda eftir því sem við á. Prestar og djáknar íslensku þjóðkirkjunnar erlendis starfa á grundvelli vígslubréfs og erindisbréfs sem biskup setur þeim, svo og ráðningarsamnings og starfslýsingar. Um samskipti presta og djákna við sóknarnefndir eða safnaðarstjórnir erlendis skal einkum, eftir því sem við á, höfð hliðsjón af ákvæðum starfsreglna um söfnuði og sóknarnefndir nr. 16/2021-2022, með síðari breytingum.

4. gr.

Störf fyrir sendiráð og önnur stjórnvöld.

Prestar og djáknar sem starfa innan vébanda íslensku þjóðkirkjunnar erlendis veita íslensku sendiráðunum og stjórnvöldum þjónustu eftir því sem um semst.

5. gr.

Hlutverk biskupsstofu.

Biskupsstofa hefur þessi verkefni með höndum fyrir íslensku þjóðkirkjuna erlendis:

1. Umsjón með þjónustu, starfrækslu og fjárreiðum vegna þeirra stöðugilda sem biskup semur um.
2. Lögmaelt tilsjón með söfnuðum og vígðri þjónustu.

3. Aðstoð við öflun fjár til starfseminnar og undirbúning samningsgerðar um stöðugildi við hlutaðeigandi aðila, ráðuneyti, innlendar stofnanir, kirkjuleg stjórnvöld erlendis og íslenska söfnuði.
4. Kynningu á starfseminni jafnt innan kirkjunnar sem utan.
5. Önnur verkefni eftir nánari ákvörðun biskups.

6. gr.

Umfang og kostun þjónustu o.fl.

Biskup ákveður hvar skuli veita þjónustu djákna eða presta meðal Íslendinga erlendis með þeim fjárhagsskorðum sem settar eru í 2. mgr. Til þjónustu íslensku þjóðkirkjunnar erlendis er heimilt að nýta það fjárframlag sem kirkjuþing ákveður til starfseminnar ár hvert. Enn fremur er heimilt að nýta fjárframlög sem einstakir söfnuðir kjósa að leggja til þjónustunnar við viðkomandi söfnuð. Heimilt er að ákvarða og greiða starfstengdan kostnað og annan kostnað en laun í mynt þess lands þar sem viðkomandi djákni eða prestur starfar.

7. gr.

Ráðningar og starfslok.

Um ráðningar djákna og presta í störf fyrir íslensku þjóðkirkjuna erlendis fer samkvæmt starfsreglum um djákna nr. 31/2022-2023 og starfsreglum um ráðningu í preststörf nr. 17/2020-2021, með síðari breytingu, eftir því sem við á. Umsækjendur um störf fyrir íslensku þjóðkirkjuna erlendis skulu uppfylla almenn lögmælt skilyrði til ráðningar í starf djákna eða prests. Að jafnaði skal einnig miða við að umsækjendur hafi góða tungumálakunnáttu, mikla færni í mannlegum samskiptum, menningarläsi og aðlögunarhæfni, svo og reynslu af barna- og æskulýðsstarfi. Æskilegt er að umsækjendur hafi sérþekkingu og menntun á sviði sálgæslu. Ef starf eða stöðugildi er samstarfsverkefni íslensku þjóðkirkjunnar og ráðuneytis og/eða ríkisstofnunar, þá skulu samstarfsaðilar tilnefna fulltrúa sína til að gegna ráðgefandi hlutverki gagnvart matsnefnd um hæfni umsækjenda, sbr. 4. mgr. 5. gr. starfsreglna nr. 144/2016. Með sama hætti skal söfnuði ávallt boðið að tilnefna ráðgefandi fulltrúa.

8. gr.

Samráðsfundur íslensku þjóðkirkjunnar erlendis.

Biskup Íslands, eða tilnefndur fulltrúi hans, kallar að jafnaði annað hvert ár til samráðsfundar íslensku þjóðkirkjunnar erlendis. Fundurinn skal vera samstarfs- og samráðsvettvangur um hvaðeina er lýtur að þjónustu þjóðkirkjunnar á erlendri grund, stefnumótun og fjáröflun. Heimilt er að halda samráðsfundi með stafrænum hætti þegar slíkt þykir henta betur, t.d. sökum kostnaðarsjónarmiða eða ferðatakmarkana. Til fundarins skal bjóða fulltrúum frá hverjum söfnuði íslensku kirkjunnar erlendis.

9. gr.

Lagaheimild, gildistaka o.fl.

Starfsreglur þessar sem settar eru á grundvelli 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 öðlast gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar. Jafnframt falla brott frá sama tíma starfsreglur um íslensku þjóðkirkjuna erlendis nr. 1003/2005, með síðari breytingum.

Gildistaka 7. desember 2021.

